



Skilyrði fyrir greiðslu styrks

Skilyrðið fyrir að styrkurinn verði greiddur er að fyrir liggi staðfesting á neðangreindum þáttum.

- Fullbúið handrit liggi fyrir. Endanleg fjárhags- og fjármögnunaráætlun liggur fyrir, þ.m.t. helstu tímasetningar á vinnuferlinu.
- Skriflegir samningar eða staðfesting á því að fjármögnun sé að fullu lokið. Er þá átt við fjármögnun frá öðrum aðilum en KMÍ.
- Framleiðsluáætlun, þ.m.t. hvenær áætluð verklok eru.
- Samningur við meðframleiðanda/-ur, eigi það við.
- Skrifleg staðfesting um að framleiðandi njóti alls réttar til framleiðslu myndarinnar.
- Skipting fjármögnunar á milli framleiðanda og meðframleiðanda og innbyrðis réttindaskipting milli þeirra aðila.
- Skil á grunnupplýsingum um myndina til birtingar á vef KMÍ (eyðublað á heimasíðu KMÍ).